



FJARÐABYGGÐ

Fólkvangur Neskaupstaðar

Útivistarsvæði



Deiliskipulag

Greinargerð

1. desember 2016

Teiknistofan

AKS

Efnisyfirlit

Auglýsing	3
1. Auglýsingatími.....	3
2. Umsagnir og athugasemdir	3
3. Afgreiðsla eftir auglýsingu	3
Inngangur	4
Greining og forsendur	6
4. Afmörkun skipulagssvæðis.....	6
5. Fyrirliggjandi skipulag.....	6
6. Staðhættir	6
Skipulagsákvæði	11
7. Almenn.....	11
8. Almennir lóðarskilmálar	13
9. Almennir byggingarskilmálar	13
Áhrif deiliskipulagstillögu á umhverfið.....	14
Deiliskipulagsuppráttur	16
Heimildir	17
Samþykkt og gildistaka.....	18

Auglýsing

1. Auglýsingatími

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Fólkvangs Neskaupstaðar. Deiliskipulagstillagan, dagsett 1. desember 2016, var sett fram á uppdrætti og í greinargerð og auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga frá og með 26. janúar 2017 til og með 9. mars 2017. Athugasemdarfrestur var til sama tíma.

2. Umsagnir og athugasemdir

Á auglýsingatíma bárust engar athugasemdir.

Umsögn við tillögu deiliskipulags barst frá Náttúrustofu Austurlands, dagsett 9. mars 2017. Náttúrustofa Austurlands gerir athugasemd við að útfæra þurfi betur byggingarefni stíga og uppsetningu handriða með það í huga að auka öryggi fólks. Einnig gerir Náttúrustofa athugasemd við að ekki sé sett takmörk á fjölda skilta á svæðinu, ásamt því að vísað sé í *Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum* t.d. vegna þess að minnstu fræðsluskiltin þar séu of stór og takið á sig mikinn vind. Þá bendir Náttúrustofa Austurlands á að bílastæðin sem gert er ráð fyrir við vitann séu of fá. Náttúrustofa Austurlands bendir á að ekki sé fjallað um leiðir til þess að tryggja að rask á náttúru verði haldið í algjöru lágmarki og að t.d. gróður og svarðlag af svæðinu verði notað til þess að græða upp sár. Þá óskar Náttúrustofa Austurlands eftir að hlutverk stofnunarinnar verði gert betri skil þar sem stofan hefur í raun ekki eftirlit með ástandi svæðisins að öðru leyti en með árlegri tillögugerð um lágmarksúrbætur. Í lok umsagnar gerir Náttúrustofa Austurlands athugasemdir við orðalag, göngukort og ekkert sé minnst á spendýr í greinargerð.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna samkvæmt bréfi sem dagsett er 9. mars 2017.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna samkvæmt bréfi dagsett 7. mars 2017 en þó með þeim fyrirvara að komi til frekari áætlanir um framkvæmdir innan deiliskipulagssvæðisins þá þurfi þær að vera gerðar í samráði við stofnunina svo hægt sé að meta áhrif framkvæmdanna á minjar.

Samkvæmt bréfi dagsett 16. mars 2017 gerir Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST) ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna. Þá minnir HAUST á að almenningssalerni, vatns- og fráveitur eru háðar starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefndar.

3. Afgreiðsla eftir auglýsingu

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á uppdrætti og greinargerð m.t.t. þeirra athugasemda sem bárust. Bætt var inn stuttum kafla í greinargerð um verndun náttúru. Orðalag um hlutverk Náttúrustofu Austurlands var breytt í samræmi við umsögn stofnunarinnar. Einnig var orðalag, göngukort og kaflinn um spendýr endurbætt eftir umsögn Náttúrustofu Austurlands.

Eftir auglýsingu lág einnig fyrir fullgerð fornleifaskráning og var greinargerð og uppdráttur lagfærð samkvæmt fornleifaskráningunni.

Inngangur

Tilgangur með gerð þessa deiliskipulags er að skipuleggja fólkvang Neskaupstaðar í samræmi við friðlýsingu hans. Markmið deiliskipulagsins er að vinna skipulag af svæðinu til að móta stefnu um uppbyggingu stíga og áningarstaða. Áhersla er lögð á bætt aðgengi um fólkvanginn og þar með betri stýringu gesta um svæðið í þeim tilgangi að minnka álag. Deiliskipulagið gerir einungis ráð fyrir uppbyggingu sem fylgir almennri útivist og fræðslu. Allar megin forsendur liggja fyrir í aðalskipulagi og var því ekki unnin skipulagslýsing fyrir áætlunina.

Skipulagsgögn eru annars vegar skipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:10.000 ásamt skýringarmyndum, dagsettur 1. desember 2016 og breytt 17. mars 2017. Hins vegar greinargerð þessi dagsett 1. desember 2016 og breytt 17. mars 2017.

Fólkvangur Neskaupstaðar var stofnaður árið 1972 og var fyrstur sinnar tegundar héraendis. Fólkvangurinn er staðsettur utan Stóralækjar, austan við þéttbýlið í Neskaupstað í Norðfirði. Megin markmið með friðlýsingu svæða á borð við fólkvanginn eru einkum tvö. Annars vegar að varðveita samfellda heild ósnortinnar náttúru, land og lífríki svo það fái að vaxa og þróast eftir lögmálum náttúrunnar sjálfar. Hins vegar að gefa fólki kost á að upplifa og njóta útivistar í óspilltri náttúru. Landslag í fólkvanginum er tignarlegt, útsýni fagurt, lífríki auðugt og jarðmyndanir fjölbreyttar. Svæðið er kjörið til útivistar, náttúruskoðunar og náttúrufræðslu (Náttúrustofa Austurlands, 2015). Stærð fólkvangsins er 318,4 ha. (Umhverfisstofnun, á.á.).



— — — Mörk friðlýsts svæðis.

Mynd 1 Mörk fólkvangsins (Umhverfisstofnun, á.á.).

Skipulagsvinnan

Skipaður var faghópur í tengslum við undirbúning þessa deiliskipulags. Í honum sátu fulltrúar frá Náttúrustofu Austurlands og ferðaþjónustuaðilum á svæðinu, auk íbúa og umhverfisstjóra Fjarðabyggðar.

Faghópurinn fundaði þann 21. september 2016 þar sem farið var yfir styrkleika og takmarkanir svæðisins. Hópnun voru sýndar fyrstu tillögur af uppbyggingu á þjónustuaðstöðu og

bílastæðum og veitt tækifæri til að koma fram athugasemdum. Lagt var til að þjónustuaðstaða og bílastæði yrðu færð fjær íbúabyggð og var tekið tillit til þess við frekari útfærslu skipulagsins.



Mynd 2: Útsýni frá áningarstað við Norðfjarðarvita

Niðurstöður faghóps voru þær að helstu áherslur í uppbyggingu svæðisins ættu að snúa að nauðsynlegum endurbótum á stígum auk uppsetningu á salernisaðstöðu. Einnig var hópurinn sammála um nauðsyn þess að tryggja gott aðgengi, bæði gangandi og akandi, að Norðfjarðarvita sem væri vinsæll útsýnisstaður hjá íbúum svæðisins (sjá mynd 2).

Hópnum var mjög umhugað um alla þá vitneskju sem íbúar búa yfir um fólkvanginn, ekki síst í formi saga og sagna, sem væri óðum að gleymast. Lögð var áhersla á að einhverskonar vettvangur skapaðist sem gæti haldið utan um þennan fróðleik og stuðlað að varðveislu hans.

Á 162. fundi eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar sem haldinn var 5. desember 2016 var samþykkt að kynna tillögu að deiliskipulagi fólkvangs Neskaupstaðar, ásamt greinargerð dagsett 1. desember 2016, fyrir faghópi um áætlunina, íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á opnum fundi þann 15. desember 2016.

Faghópurinn fundaði öðru sinni þann 12. desember 2016. Umræða átti sér stað um öryggi gesta á svæðinu og mögulega færslu á vegi að Norðfjarðarvita með tilliti til íbúa í nærliggjandi húsum.

Á kynningarfundinum þann 15. desember 2016 lágu frammi tvær útfærslur af þjónustuaðstöðunni. Annars vegar tillaga 1 með núverandi staðsetningu Norðfjarðarvita og hins vegar tillaga 2 þar sem búið var að færa veginn um rúmlega 10 metra austur frá íbúðarhúsum við Sæbakka. Mikil umræða skapaðist um bílastæðin og snúningssvæðið við Norðfjarðarvita. Skiptar skoðanir voru um hvort eða hvar bílastæðin ættu að vera. Rætt var um mikilvægi þess að hægt væri að fara niður að vita á bíl og horfa út yfir fjörðinn, án þess að leggja í bílastæði. Þá voru einhverjir á því að bílar á bílastæðum myndu skyggja útsýni þeirra sem kæmu að, án þess að leggja.

Á 164. fundi eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar sem haldinn var 2. janúar 2017 var kynnt endurskoðuð tillaga miðað við umræður í faghópi og á íbúafundi.

Greining og forsendur

4. Afmörkun skipulagssvæðis

Skipulagssvæðið er staðsett utan við þéttbýlið í Norðfirði og er 320,4 ha að stærð. Mörk þess ná yfir fólkvang utan við Stóralæk, auk 2 ha svæðis innan hans. Stóralækur fellur til sjávar rétt utan við Norðfjarðarvíta. Frá efstu drögum Stóralækjar ná mörk fólkvangsins beint upp í eggjar og þaðan út í Nípukoll og niður í sjó á Níputá (Flesjartanga) (Alta, 2009). Afmörkun skipulagssvæðisins má sjá á mynd 3.



Mynd 3 Fólkvangurinn í heild (til vinstri). Afmörkun deiliskipulagssvæðis sýnd með svartri brotalínu og mörk fólkvangs með bleikri brotalínu (til hægri).

5. Fyrirliggjandi skipulag

Samkvæmt Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 er landsvæðið utan við Stóralæk friðlýst sem fólkvangur og sá hluti skipulagssvæðisins sem er innan hans, skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota. Á því svæði er gert ráð fyrir tjaldsvæði ásamt tilheyrandi mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á. Fólkvangurinn er ætlaður til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og er því ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk (Alta, 2009).

6. Staðhættir

Landslag og jarðfræði

Fólkvangurinn liggur austan í Norðfjarðarnípu (Nípa) sem er ysti hluti fjallgarðsins milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar. Mörk fólkvangsins liggja frá fjallsegg niður að sjó auk þess sem hann nær einnig yfir grynningar út frá ströndinni. Landslag einkennist að mörgu leiti af þeim jarðmyndunum sem móta ásýnd svæðisins. Brattir klettur, grónir hjallar og fjölbreytt strandlegjan mynda helstu landslagsgerðirnar. Víða er að finna hellisskúta í fjörunni þar sem brimið hefur sorfið hraunlög. Hjallar og rákir í blágrýtishraunlögum mynda láréttar línur eftir allri fjallshlíðinni á meðan leyfar lóðréttra bergganga sem standa upp frá ströndinni og skerast

gegn um hraunlögin mynda mótvægi með sinni lóðréttu ásýnd. Fjölbreyttar bergmyndanir gefa einnig vísbendingar um jarðsögu svæðisins en talið er að neðsti hjallinn í hlíðinni, er gengur undir nafninu Hagi, sé gamall brimstallur. Eru það helst sléttfægð og þverhnipt basaltlögin ofan hans er gefa það til kynna (Náttúrustofa Austurlands, 2015).

Gróðurfar

Ólíkar gróðurlendur sjá til þess að mjög fjölbreytt gróðurfar er í fólkvanginum en þar er meðal annars að finna votlendissvæði og lyngmóa auk dálítils kjarrs og graslendis að ógleymdum strandsvæðum sem geyma saltþolnar plöntur. Eftir að svæðið var friðað fyrir beit í kringum árið 1970 hefur tegundasamsetningin tekið breytingum og er graslendi á undanhaldi fyrir blómjurtum, lyngi og víði.

Allar einkennisjurtir Austfjarða; sjöstjarna, gullsteinbrjótur, maríuvöttur og bláklukka, vaxa í fólkvanginum auk þess sem þar er að finna fjölmargar sjaldséðar tegundir svo sem villilín, klettafrú, þúsundblaðarós, sífjarsóley, skógfjólu, lyngbúa, hagastör og dúnhulstrastör (Náttúrustofa Austurlands, 2015).

Gripið hefur verið til aðgerða gegn ágengum tegundum í fólkvanginum, svo sem lúpínu, og hafa verið gerðar tilraunir til að hefta útbreiðslu hennar meðal annars með reglulegum slætti (Náttúrustofa Austurlands, 2004).

Dýralíf

Náttúrustofa Austurlands hefur rannsakað dýralíf í fólkvanginum en þar er að finna bæði fjölskrúðugt fuglalíf og ýmis smádýr sem tilheyra lífríki fjörunnar og áhugavert er að skoða. Brattir klettahamrarnir skapa góð búsetuskilyrði fyrir ýmsar tegundir bjargfugla og er svæðið út með fjallshlíðinni ein iðandi fuglabýggð. Þar má til að mynda finna fýl og ritu, silfurmáf, svartbak og lunda. Vað- og mófuglar eiga einnig sín búsvæði í fólkvanginum auk þess sem þar hefur tekist að staðfesta varp hrafnar og skógarþrasta, steindepla og bjargdúfa. Af fjöruðýrum má nefna marflær, hrúðurkarla og snigla sem halda sig á klettum og pollum í fjörunni. Svartsnigil er að finna á svæðinu og í mógröfum hafa fundist brunnskluður. Æðarfugl er við ströndina og dílaskarfar sjást oft, einkum að vetri (Náttúrustofa Austurlands, 2015). Einnig má finna tófu og mink í friðlandinu, ásamt því að hópur hreindýra hafa dvalið þar að vetrarlagi (Náttúrustofa Austurlands, 2017).

Innviðir og mannvirki

Aðkoma og bílastæði

Núverandi aðkoma að svæðinu liggur í gegn um þéttbýlið í Norðfirði eftir Bakkastíg. Við enda vegarins þar sem mörk fólkvangsins liggja er opið svæði þar sem hægt er að leggja þremur til fimm bílum en engin afmörkun er þó á bílastæðunum (sjá mynd 4). Frá bílastæðunum liggur vegslóði niður að Norðfjarðarvita þaðan sem gott útsýni er út yfir fjörðinn.



Mynd 4 Núverandi aðkoma að fólkvanginum.

Gangstétt liggur meðfram Bakkastíg að fólkvanginum. Stígar liggja bæði ofan og neðan við byggðina, svokallaður ofanbyggðastígur annarsvegar og strandstígur hinsvegar. Þeir enda hinsvegar báðir nokkur hundruð metra frá aðkomu fólkvangsins. Ekki vantar mikið upp á til að tengja þá saman og mynda hringtengingu með fólkvanginn sem einn af áfangastöðunum.

Gönguleiðir og merkingar

Fræðslu- og viðvörðunarskilti eru við aðkomu að fólkvanginum auk þess sem sjö fræðsluskilti er að finna við gönguleiðina að Páskahelli og Hundsvík. Skiltin sjö voru endurnýjuð á liðnu sumri (2016) og nýjum skipt út fyrir þau gömlu. Um 250 metrum eftir að komið er inn í fólkvanginn er að finna útssýnisskifu með helstu staðháttum og örnefnum á svæðinu.

Gönguleiðir í fólkvanginum eru annars vegar stikaðar gönguleiðir eða stígar (Mynd 7). Stígur liggur frá aðkomu að útsýnisskifu, Páskahelli og áleiðis að Hundsvík. Aðrar leiðir eru stikaðar. Ástand göngustígarins er misjafnt. Finna má sæmilega malarkafla á honum en á öðrum stöðum er hann eitt moldarflag sem er fljótt að breytast í leðju um leið og rignir. Brúm og pöllum hefur verið komið fyrir á blautustu svæðunum en talið er að um einn þriðji leiðarinnar sé í votu landi (myndir 5 og 6). Pallar, handrið og brýr eru farnar að láta töluvert mikið á sjá. Til að mynda er brúin út í Haga að mestu hrunin.



Mynd 5: Bleyta á stíg

Stiga hefur verið komið fyrir niður að Páskahelli til að bæta aðgengi auk þess sem keðjur eiga að auðvelda fólki að komast upp úr brattri fjörunni og þverhniptum klettum.

Náttúrustofa Austurlands hefur um árabil komið með árlegar tillögur af lágmarksúrþótum fyrir fólkvanginn (Náttúrustofa Austurlands, 2017). Úttekt sem framkvæmd var í byrjun sumars (2016) af starfsmanni Náttúrustofu Austurlands varpar ljósi á slæmt ástand svæðisins. Mikilvægast er talið í þeirri úttekt að verja blaut svæði fyrir ágangi og draga úr slyshættu með úrbótum.



Mynd 6: Bleyta á stíg








Fólkvangur Neskaupstaðar

Stíkaðar gönguleiðir



- 1 **Gönguleið í Haga** er létt. Leiðin liggur um grasi vaxið undirlendi út að Páskahelli. Mikil björg hafa hreipað úr klettabeltum fyrir ofan Haga og mynda það grjóthrúgöld. Kallast þar Urðir. Á leiðinni hefur verið komið fyrir upplýsingaskiltum með lýsingum á ýmsum náttúrufyrirbrigðum. Ofan við Brytaskála er svokallað Skálasnið en þar um er hægt að ganga upp á Hagakletta og ganga þá leið til baka. Handfestum hefur verið komið fyrir í Skálasniði til að auðvelda uppgöngu.
- 2 **Páskahelli** er í beinu framhaldi af Haga, en þá er farið niður í fjöru um tréstíga. Hægt er að fíma út grýtta fjöruna og upp rétt norðan megin við hellinn. Þar hafa verið settar handfestar sem auðvelda uppgöngu. Í Páskahelli má sjá holar eftir tré sem að öllum líkindum stóðu í skógi sem varð undir hrauni á þessum slóðum fyrir um 12 milljónum ára. Rúmlega kílómeters gangur er frá bílastæði að Páskahelli.
- 3 **Hundsvík**. Leiðin að Hundsvík kemur í beinu framhaldi af Hagaleiðinni sem endar við Páskahelli. Sú leið er nokkru þyngri en Hagaleiðin. Þá er gengið um Hundsvíkuvelli sem ná frá Páskahelli að Hundsvík. Þar eru brattar fjallshlíðar og gískortningar. Um 2 km gangur er frá bílastæði að Hundsvík.
- 4 **Hagaklettar** er klettabeltið sem liggur ofan við Hagann. Gangu út Hagakletta að Skálasniði er auðveld. Á þessari leið er að finna áberandi jökulsorfnu klöpp. Um 1 km gangur er frá bílastæði að Skálasniði.
- 5 **Þúfustígur** er í framhaldi af Hagaklettaleiðinni. Þá er gengið upp frá Hagaklettum, upp á Skálahnaus og áfram eftir klettabrúnum út á Efri Háls. Þúfa er gróið klettanef með tveimur stórum steinum, yst á Efri Hálsi. Þaðan er mjög gott útsýni. Þar enda Hálsar og Breiðarár tekur við. Þarna verður Nípan allþétt með þverhríptum hjörgum. Frá bílastæði eru um 1,5 km að Þúfu.
- 6 **Nípukollur**. Göngleið fyrir **vant göngufólk** sem hefst utan við Stóralæk. Fyrst er gengið upp utan við Stóralæk en svo sveigt yfir hann og þrætt upp hlíðina og kletta rétt innan við lekinn. Síðan er farið meðfram berggangi upp um hamabelti og svo um brattar, grónar brekkur og yfir drög Stóralækjar sniðhált út og upp að brún. Þaðan er farið eftir fjallslegginni út á sjálfan Nípukoll sem er í 819 m hæð yfir sjó. Af Nípukoli er mikið og fallegt útsýni og þar er að finna gestabók inni í vörðu.

! Athugið að á leiðin á Nípukoll er **adeins stíkuð að neðsta klettabeltinu**, en þaðan er leiðin nokkuð augljós eftir berggangi gegnum klettabeltin upp á fjallsleggjar.

Skýringar/Legend:

- | | | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------|
|  | Víti
Lighthouse |  | Rústúr (Brytaskálar og Selhraun) |
|  | Bílastæði
Car park |  | Upplýsingaskilti (þú ert hér)
Info sign (you are here) |
-  Mörk Fólkvangsins
The Country Park boarder
 Gönguleiðir (númer vísar í leiðarlýsingu að ofan)
Walking routes
 50 m hæðarlínur
50 m contours

100 m hæðamunur táknaður með litum:
100 m contour interval shown in different colours:



Mynd 7 Göngukort yfir fólkvanginn, unnið af Náttúrustofu Austurlands (2015).

Fornleifaskráning

Fornleifaskráning hefur verið gerð og fór vettvangsskráning fram daganna 23.-24. janúar 2017. Samkvæmt skýrslunni, Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í fólkvangi Norðfjarðar, voru 24 minjar skráðar á vettvangi auk þeirra sem getið er í heimildum en ekki voru skráðar (Bryndís Zoëga, 2017).

Þekktar minjar eru merktar inn á uppdráttinn með númerum. Hér að neðan fylgir stutt lýsing á minjunum sem unnin er úr ofangreindri skýrslu (Bryndís Zoëga, 2017).

- 1) Tóft, sem meðal annars hafa verið verskálar (Brytaskálar), er að finna út í Haga, á sjávarbakkanum upp af Brytaskálafjöru, neðan við göngustíg að Páskahelli. Tóftin er 4 x 7,5 metrar að utan en sjórinn hefur brotið framan af tóftinni. Herbergjaskipan sést óglögg.
- 2) Tóft af verskála (Brytaskálar) er út í Haga, um 10 metra frá sjávarbakkanum. Utanmál er 4x 7,5 metrar. Herbergjaskipan sést óglögg en gæti verið tví eða þrískipt.
- 3) Tóft (Brytaskálar) er að finna út í Haga, á sjávarbakkanum, neðan við göngustíg að Páskahelli. Útlínur og innra skipulag er óljóst. Utanmál er að minnsta kosti 5x5 metrar.
- 4) Mógrafir eru út í Haga, beint upp af Hagastapa. Mógrafirnar eru í raun þrjár og samtals 375m².
- 5) Mótóft er að finna út í Haga, beint upp af Hagastapa. Mótóftin er algróin og þýfð og 5x2 metrar að utanmáli.
- 6) Mógrafir eru að finna út í Haga, alls eru þær 450 m², ein stór gröf og fjórar minni umhverfis.
- 7) Tóft, líklegast heytóft er að finna út í Haga upp af sjávarbakkanum. Tóftin er 5x13 metrar að utanmáli.
- 8) Fleiri mógrafir eru út í Haga og neðan við göngustíginn. Mógrafirnar eru yfir 400 m².
- 9) Fleiri mógrafir eru út í Haga og neðan við göngustíginn, utan mál tóftar er 4x5 metrar.
- 10) Mótóft er út í Haga, minjarnar liggja um 6 metra frá sjávarbakka þar sem landbrots hefur gætt. Tóftin er um 3x3,5 metrar að utanmáli.
- 11) Mótóft út í Haga neðan við göngustíg. Tóftin er 3x4,5 metrar að utanmáli.
- 12) Mótóft er út í Haga, neðan við göngustíginn, um 5 metrar frá sjávarbakkanum, hún er algróin og 4x4,5 metrar að utanmáli.
- 13) Mógrafir eru sunnarlega í Haganum, innan um grjóturð og kletta eru tvær til þrjár mógrafir. Þær eru samtals 225m².
- 14) Vörslugarður er syðst í Haganum. Garðlagið er í tveimur hlutum og er alls 20 metra langt.
- 15) Sel er að finna í aflíðandi halla neðan undir Ytra-Selhrauni, 340 nna af brúnni yfir Stóralæk. Tóftin er aflöng, 6x26 metrar að utanmáli og sennilega 6-7 hólf.
- 16) Garðlag er að finna í aflíðandi halla neðan undir Ytra-Selshrauni, 340 metra af brúnni yfir Stóralæk. Garðurinn er rétt tæplega 80 metra langur.
- 17) Garðlag sennilega rétt eða kvíar er að finna í aflíðandi halla neðan undir Ytra-Selhrauni, 340 metra nna af brúnni yfir Stóralæk.
- 18) Stekkur er að finna í aflíðandi halla neðan undir Ytra-Selhrauni, 340 metra nna af brúnni yfir Stóralæk. Tóftin er 4,5x11 metrar að utanmáli og virðist vera þrískipt.

- 19) Tóft af kofa er að finna á hjalla upp undir Ytra-Selhrauni. Tóftin er 3x4,5 metrar að utanmáli.
- 20) Heytóft er að finna í aflíðandi halla rúmlega 50 metra vestur af Ytra-Selhrauni. Tóftin er 3x4,5 metrar að utanmáli.
- 21) Heytóft er að finna í mólendi um 70 metra ofan við göngustíginn sem liggur út í Haga og 140 metra norðaustur af brúnni yfir Stóralæk. Tóftin er 3x4 metrar að utanmáli.
- 22) Heytóft er um 11 metra austur af Stóralæk og 65 metra norðvestur af brúnni yfir hann. Tóftin er 4,5x7,5 metrar að utanmáli.
- 23) Framræsla er austan Stóralækjar. Skurðurinn er 75 metra langur. Óvíst er hvort að hann sé handgrafinn.
- 24) Varða er á Efri-Hálsum, fram á klettabrún. Hún er um 900 metra nna frá brúnni yfir Stóralæk. Varðan er hlaðinn á stórum steini og er með honum um 170 cm há.
- 25) Stekkur er nefndur er í örnefnaskrá en er óstaðsett.
- 26) Tóftarbrot á Nípukolli er í örnefnaskrá en er óstaðsett.
- 27) Lending og mögulega uppsátur fyrir báta hefur verið einhverstaðar í Brytaskálafjörur framan við Brytaskálatættur. Ekki er vitað nákvæmlega hvar var lengt og þarna er landslag eitthvað breytt frá því sem var vegna landbrots.

Skipulagsákvæði

7. Almennt

Innviðir og mannvirki

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að fólkvanginum verður á sama stað og hún er nú en skerpt verður á ásýnd og umgjörð svo gestir er koma akandi eða gangandi eftir Bakkavegi munu sjá að framundan er áhugaverður áfangastaður. Áningarstaður við upphaf gönguleiðar verður endurbættur og endurskilgreindur sem þjónustuaðstaða.

Við þjónustuaðstöðu er gert ráð fyrir þjónustuhúsi með salernisaðstöðu, bekkjum og borðum, sorpílátum auk upplýsingaskiltum um svæðið. Þjónustuhús verður að hámarki 50 m² og mænishæð takmörkuð við 3,5 metra. Samræmi verður í lita- og efnisvali er kemur að öllu yfirbragði svæðisins. Gert er ráð fyrir 24 bílastæðum, þar af tveimur fyrir hreyfihamlaða, og tveimur stæðum fyrir hóp bifreiðar. Svæðið verður hannað með það í huga að bifreiðar geti snúið við án þess að ógna öryggi fólks á svæðinu. Annað af tveimur tjaldsvæðum bæjarins er staðsett ofan við bílastæðið og gerir skipulagið ráð fyrir veltengingu frá Bakkavegi.



Mynd 8 Þjónustuaðstaða við aðkomu tengir saman það stígakerfi sem nú er til staðar.

Þjónustuaðstaðan verður einskonar tengipunktur gönguleiða um og að svæðinu. Hún tengir fólkvanginn við þrjár gönguleiðir sem liggja frá þéttbýlinu; svokallaðann ofanbyggðastíg, strandstíg og gönguleið eftir Bakkavegi (sjá mynd 8).

Aðgengi að og um þjónustuaðstöðu skal hannað á þann hátt að aðgengi verði sem best verður á kosið og skal hafa viðmið í Aðgengi fyrir alla, handbók um umhverfi og byggingar (Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, 2005) að leiðarljósi.

Akstursleið að Norðfjarðarvita verður tryggð auk þess sem þar er gert ráð fyrir fjórum bílastæðum. Umhverfis Norðfjarðarvita er gert ráð fyrir dvalarsvæði og áningarstað sem getur nýst mögulegri framtíðar starfsemi vitans. Lóð Norðfjarðarvita er 230 fm að stærð og skal starfsemin samræmast landnotkun. Gert er ráð fyrir einnar hæðar viðbyggingu á jarðhæð sem skal falla að byggingarformi Norðfjarðarvita og hafa létt yfirbragð. Hæð hennar má mest vera 3,5m.

Gönguleiðir

Gönguleiðir í fólkvanginum verða áfram af tvennum toga líkt og nú er. Annarsvegar uppbyggðir göngustígar með pöllum og hinsvegar stikaðar leiðir sem liggja munu um svæði sem erfiðara er yfirferðar. Fyrsti hluti göngustígs frá þjónustuaðstöðu liggur að útsýnisskífu í um 230 metra fjarlægð. Stígurinn verður 3 metra breiður með föstu yfirborði (eða öðru viðunandi yfirborði fyrir hreyfihamlaða) og í lágmarks halla og því aðgengilegur flestum gestum svæðins. Frá útsýnisskífu að Páskahelli mjókkar stígurinn og halli eykst. Á svæðum þar sem votlendi er ríkjandi er gert ráð fyrir pöllum eða öðrum lausnum.

Merkingar og skilti

Við endurnýjun eldri skilta og uppsetningu nýrra skal hafa að leiðarljósi Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum (Guðrún Ingvarsdóttir (ritstj.) ,2011).

Innan fólkvangsins sjálfs er gert ráð fyrir fjórum áningarstöðum þar sem komið verður upp hvíldaraðstöðu auk fræðsluskilta.

Öryggi gesta

Tryggja skal öryggi gesta á svæðinu með uppsetningu viðeigandi öryggisbúnaðar þar sem við á, til að mynda þar sem hætta er á grjóthruni og mikil fallhætta getur skapast.

Öryggisleiðbeiningar skulu koma skýrt fram á vegvísnum og skiltum við sérstök hættusvæði.

Upplýsingar um slysaheitu í og við Páskahelli verður að finna við áningarstað Á4.

Fornminjar

Við fornminjar skal fara með gát og ekki raska þeim. Vegna framkvæmda um svæðið skulu minjar merktar og þær girtar af.

Náttúra

Tryggja skal að rask á náttúru verði haldið í lágmarki. Þá skal gróður og svarðlag af svæðinu notað til þess að græða upp sár.

8. Almennir lóðarskilmálar

Frágangur lóða

Landhæðir á lóðum skulu vera samkvæmt uppgefnum hæðarkvótum á lóðarblöðum. Miðað er við að lóðarhæð fylgi beinni línu milli hæðarkvóta. Allt jarðrask utan lóðarmarka er óheimilt.

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við samþykkt aðaluppdrætti og byggingareglugerð. Á aðalteikningum skal sýna fyrirkomulag lóða s.s. frágang lands, vatns og fráveitu.

Veitur

Vatns- og fráveita verður tengd inn á bæjarkerfi.

9. Almennir byggingarskilmálar

Nýtingarhlutfall

Nýtingarhlutfall þjónustulóðar er minnst 0,1 og mest 0,5. Þá verður nýtingarhlutfall lóðar við Norðfjarðarvita mest 0,7. Nýtingarhlutfall ákvarðar hámarksbyggingarmagn á hverri lóð. Nýtingarhlutfall er heildarbyggingarmagn (allar hæðir) á lóð á móti lóðarstærð. Hámarksflatarmál byggingar á lóð fæst með því að margfalda lóðarstærð með nýtingarhlutfalli. Tekið er dæmi um 100 m² lóð en þar verður lágmarksbyggingarmagn 10 m² og hámarksbyggingarmagn 50 m².

Byggingarreitir

Byggingarreitirnir eru báðir stærri en hámarksbyggingarmagn og gefur það ákveðið svigrúm við staðsetningu og hönnun en veitir þó ekki heimild til þess að byggja meira en sem nemur nýtingarhlutfalli 0,5 á þjónustulóð og 0,7 við lóð Norðfjarðarvita.

Byggingar og mannvirki skulu taka mið af byggingarreglugerðum og eldvörnum svo kröfum um fyllsta öryggi verði fullnægt.

Vegna byggingar á lóðum vísast til ákvæða þeirra laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulags- og byggingarlaga, byggingarreglugerðar, skipulagsreglugerðar, reglugerða um brunavarnir og brunamál, íslenska staðla og RB-blaða Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins eftir því sem við á.

Aðaltekningar

Aðaltekningar (byggingarnefndarteikningar) skulu vera í samræmi við meginmarkmið deiliskipulagsins, skilmála þess, svo og byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem við eiga.

Leggja skal inn til samþykktar byggingarnefndar heildaruppdrætti af fyrirhuguðum mannvirkjum á viðkomandi lóð.

Á aðaltekningum skal rita efnis- og áferðarlýsingu þar sem viðkomandi mannvirkjum er lýst s.s. burðarvirkjum, ytri frágangi og efnis- og litavali.

Á aðaltekningum skal gera grein fyrir lóðarhönnun, núverandi og fyrirhugaðri landhæð lóðar og helstu hæðarkvótum. Lóðarhæðir skulu sýndar á sniðum og útlistmyndum eftir því sem við á. Einnig skal skráningartafla vera á aðaltekningum þar sem stærðir eru tilgreindar.

Áhrif deiliskipulagstillögu á umhverfið

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Hér á eftir er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfi í samræmi við 12. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Áhrif á umhverfi

Gert er ráð fyrir að áhrif skipulagstillögunnar á umhverfi verði óveruleg. Framkvæmdir í fólkvanginum sjálfum snúa að endurbótum á núverandi stíg í landi sem þegar hefur verið raskað og mun framkvæmdarsvæðið ekki hafa áhrif á ósnortið land. Uppúrtekt úr stígum verður nýtt á staðnum til aðlögunar á jöðrum þeirra. Engum skráðum minjum verður raskað. Komi til framkvæmda nærri skráðum minjum verða þær afgirtar, merktar og fyllstu varúðar gætt.

Áhrif á samfélag

Markmið deiliskipulagsins er að bæta innviði í fólkvanginum í Neskaupstað sem meðal annars mun gera svæðið aðgengilegra og öruggara fyrir þá sem um það fara. Aukin áhersla verður lögð á að gera meira úr fræðslugildi fólkvangsins með auknum upplýsingum og skiltum. Munu þessar aðgerðir leiða til betra aðgengis að fólkvanginum fyrir breiðari hóp bæði heimamanna og gesta, og þar með ýta undir jákvæð áhrif í bæði samfélags- og efnahagslegu tilliti.

Fornleifar

Samkvæmt samantekt í skýrslunni, Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í fólkvangi Norðfjarðar, eru flestar minjar innan fólkvangsins hefðbundnar landbúnaðarminjar. Hættumat var skráð samkvæmt stöðlum Minjastofnunar. Þegar skráning vegna deiliskipulags fer fram er jafnan gert ráð fyrir framkvæmdum af einhverju tagi og tillit tekið til þess í hættumati. En í þessu tilviki lágu ekki fyrir neinar teikningar vegna væntanlegra framkvæmda og nú þegar er búið að gera lagfæringar á stígum í fólkvanginum. Því er ekki hægt að gera hættumat vegna þess. Hættumatið í skýrslunni miðaðist að mestu við hættur er kunna að verða vegna landbrots eða annara umhverfispáttá (Bryndís Zoëga, 2017).

Heimildir

Alta (2009). *Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027, Fjarðabyggð – Góður staður til framtíðar.*

Bryndís Zoëga (2017). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í fólkvangi Norðffjarðar.* Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðrún Ingvarsdóttir (ritstj.) (2011). *Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum.* Vatnajökulspjóðgarður, Umhverfisstofnun, Þingvallapjóðgarður og Ferðamálastofa.

Náttúrustofa Austurlands (2004). *Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands 2004.* Útg. Náttúrustofa Austurlands.

Náttúrustofa Austurlands (2015). *Náttúrustofa Austurlands.* Skoðað 11.11.16 á <http://www.na.is/index.php/folkvangar>

Náttúrustofa Austurlands (2017). *Umsögn um tillögu að deiliskipulagi Fólkvangs Neskaupstaðar.* Dagsett 9. mars 2017.

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins (2005). *Aðgengi fyrir alla, handbók um umhverfi og byggingar.* Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

Umhverfisstofnun (á.á.). *Umhverfisstofnun.* Skoðað 11.11.16 á <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/austurland/folkvangur-neskaupsstadar/>

